

**Ed.**

**224. Frumvarp til útvarpslaga.**

[198. mál]

Flm.: Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

**I. KAFLI**  
**Ríkisútvarpið.**

1. gr.

Ríkisútvarpið er sjálfstæð stofnun í eign íslenska ríkisins.

2. gr.

Ríkisútvarpið hefur einkarétt á útvarpi, það er útsendingu til viðtöku almennings á tali, tónum, myndum eða öðru efni, hvort sem er þráðlaust, með þræði eða á annan hátt. Í þessu skyni reisir Ríkisútvarpið sendistöðvar og endurvarpsstöðvar eftir þörfum.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að flytja inn tollfrjálst til eigin þarfa, eiga og reka senditæki, viðtæki og önnur slík tæki sem eru sérstaklega framleidd fyrir útvarp, enda fullnægi tækin þeim skilyrðum um öldutíðni, útgeislun og fleira sem ákveðið er skv. alþjóðasamþykktum og reglugerðum varðandi fjarskipti sem Ísland er aðili að.

3. gr.

Ríkisútvarpið skal stuðla að almennri menningarþróun þjóðarinnar og efla íslenska tungu. Að minnsta kosti helmingur af útsendu efni á hverri rás skal vera íslenskur. Ríkisútvarpið skal meðal annars flytja efni á sviði lista, bókmennta, vísinda og trúarbragða, efla alþýðumenntun og skilning á mismunandi viðhorfum og menningarheimum. Það skal veita fræðslu í einstökum greinum og kappkosta að halda uppi rökræðum um hvers konar málefni, sem almenning varða, á þann hátt að menn geti gert sér grein fyrir mismunandi skoðunum á þeim. Það skal halda uppi fréttapjónustu og veita fréttaskýringar. Það skal flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri.

Útvarpsefni skal miða við fjölbreytni íslensks þjóðlífs, svo og við þarfir og óskir minni hluta sem meiri hluta. Þess skal gætt að menning og reynsla minnihlutahópa fái sambærilega umfjöllun og meirihlutahópa. Þess skal sérstaklega gætt að kynjum sé ekki mismunad á neinu sviði.

Ríkisútvarpið skal veita alla þá þjónustu sem unnt er með tækni útvarpsins og almenningi má að gagni koma.

Ríkisútvarpið skal í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Það skal virða tjáningarfrelsi og gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum, stefnum og skoðunum í öllum málum, enn fremur gagnvart stofnunum, félögum og einstaklingum.

4. gr.

Ríkisútvarpið skal senda út til alls landsins a. m. k. þrjár hljóðvarpsdagskrár og a. m. k. eina sjónvarpsdagskrá.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að stofna til fræðsluútvarps í samvinnu við fræðsluyfirvöld.

Ríkisútvarpinu er heimilt að stofna staðbundnar útvarpsstöðvar óski sveitarfélög þess, eitt eða fleiri, að uppfylltum skilyrðum, sbr. 7. gr. laga þessara.

5. gr.

Ríkisútvarpið greinist í eftirtaldar útvarpsstöðvar:

1. hljóðvarp, sem nær yfir landið á a. m. k. þremur rásum og telst hver rás sjálfstæð útvarpsstöð;
2. sjónvarp, sem nær yfir landið á a. m. k. einni rás og telst hver rás sjálfstæð útvarpsstöð;
3. staðbundnar hljóðvarpsstöðvar, sem hver um sig telst sjálfstæð útvarpsstöð;
4. staðbundnar sjónvarpsstöðvar, sem hver um sig telst sjálfstæð útvarpsstöð.

6. gr.

Hljóðvarpið skal senda út dagskrá á þeim tveimur rásum sem þegar eru fyrir hendi. Þriðja rásin skal senda út efni frá félagssamtökum, hagsmunahópum og einstaklingum. Dagskrármenn rásar þrjú úthluta tímabundið útsendingartíma til umsækjenda í samráði við notendaráð, sbr. 13. gr. laga þessara. Ríkisútvarpið leggur til hljóðver með tækniaðstoð til þáttagerðar á rás þrjú en umsækjendur skulu bera annan kostnað við þáttagerðina.

7. gr.

Íbúar hvers sveitarfélags ákveða með almennri kosningu hvort þeir æskja þess að staðbundin útvarpsstöð verði stofnuð. Sveitarfélögin, eitt eða fleiri sameiginlega, fara þess á leit við Ríkisútvarpið að það setji á fót staðbundna útvarpsstöð á svæði því sem kosningin náði til.

8. gr.

Að fenginni viljayfirlýsingu íbúa um stofnun staðbundinnar útvarpsstöðvar og að fengnu samþykki framkvæmdaráðs og notendaráðs, sbr. 11. og 12. gr., skal Ríkisútvarpið í samstarfi við Póst- og símamálastofnun sjá um lögn eða uppsetningu dreifikerfis fyrir stöðina. Skulu dreifikerfin fjármögnuð með stofngjaldi frá notendum eða sveitarfélögum.

Staðbundnum útvarpsstöðvum er heimilt að sækja um fé til húsnæðis- og tækjakaupa til framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins.

9. gr.

Þegar stofnuð er staðbundin útvarpsstöð auglýsir framkvæmdaráð Ríkisútvarpsins eftir tveimur starfsmönnum og ræður síðan í störf. Skal annar starfsmannanna hafa nauðsynlega tækniþekkingu. Sama gildir um stofnun nýrra landrása.

Að öðru leyti fer um mannráðningar skv. 10. og 11. gr. laga þessara.

10. gr.

Hver deild innan hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar, svo og hver staðbundin útvarpsstöð, tekur ákvarðanir um málefni sem hana varða.

Fastir starfsmenn hvernar deildar velja umsjónarmann til eins til þriggja ára í senn og sér hann um að framkvæma ákvarðanir starfsmanna deildarinnar.

Framkvæmdanefnd, sem í eiga sæti allir umsjónarmenn stöðvarinnar, sér um framkvæmd og samræmingu á rekstri hennar.

11. gr.

Framkvæmdaráð skal skipað þrem mönnum, völdum af starfsmönnum með leynilegri kosningu, einn valinn af dagskrárdeildum, einn af tæknideildum og einn af aðalskrifstofu fjármáladeilda.

Starfssvið ráðsins er að samræma rekstur útvarpsstöðvanna, og ber það ábyrgð á endanlegri fjárhagsáætlun Ríkisútvarpsins og gæti þess að henni sé framfylgt. Ráðið sér um tengsl við framkvæmdanefndir allra útvarpsstöðva. Framkvæmdaráð situr þá fundi í

stofnuninni sem það óskar eftir og þá sem deildir óska eftir að það sitji. Ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma innan stofnunarinnar, má vísa til framkvæmdaráðs. Enginn skal sitja lengur í framkvæmdaráði en þrjú ár í senn.

12. gr.

Notendaráð skal skipað sjö konum og sjö körlum sem valin eru úr þeim hópi landsmanna sem kosningarrétt hefur og kjörgengi. Þau skulu valin með tilviljunarúrtaki og sitja í ráðinu í tvö ár. Jafnmargir varamenn skulu valdir á sama hátt til jafnlangs tíma og skulu sömu reglur gilda um skiptingu kynja. Framkvæmdaráð skal sitja á fundum notendaráðs og hafa fulltrúar þess málfrelsi og tillögurétt á fundum notendaráðs.

13. gr.

Notendaráð skal leggja drög að skiptingu efnis í höfuðdráttum í hverri útvarpsstöð og gæta þess að henni sé framfylgt. Ráðið skal gæta þess að 3. gr. laga þessara sé í heiðri höfð. Notendaráð skipar umsjónarmenn að föstum þætti á hverri útvarpsstöð þar sem tekin er fyrir gagnrýni notenda á útsendu efni viðkomandi útvarpsstöðvar. Skulu umsjónarmenn þessara þátta eigi vera úr hópi fastra starfsmanna Ríkisútvarpsins.

## II. KAFLI

### Fjármál Ríkisútvarpsins.

14. gr.

Ríkisútvarpið hefur sjálfstæðan fjárhag. Tekjum þess má eingöngu verja í þágu útvarpsstarfsemi.

Megintekjustofnar Ríkisútvarpsins eru gjöld fyrir útvarpsafnot, gjöld fyrir auglýsingar, aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau og aðrir tekjustofnar er Alþingi kann að ákveða.

Að fengnum tillögum framkvæmdanefnda útvarpsstöðva ákveður framkvæmdaráð afnotagjöld landrása og staðbundinna útvarpsstöðva. Útvarpsstöðvar ákveða auglýsinga-  
taxta og aðrar gjaldskrár sínar sjálfar. Framkvæmdaráð kynnir fjárhagsáætlun fyrir notendaráði og sendir hana menntamálaráðuneyti. Alþingi staðfestir áætlunina endanlega í fjárlögum.

15. gr.

Hver útvarpsstöð er sjálfstæð rekstrareining. Sérstakt afnotagjald fyrir hverja útvarpsstöð, sem innheimt er af innheimtudeild Ríkisútvarpsins, rennur óskipt til viðkomandi stöðvar svo og tekjur af auglýsingum sem birtast á rásum þeirra og þær sjálfar innheimta.

16. gr.

Í sjóð, sem nefnist framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins, skal leggja 10% af brúttótekjum stofnunarinnar. Heimilt er framkvæmdaráði að undanskilja nýstofnaðar útvarpsstöðvar tímabundið þessu ákvæði.

Aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau renna óskipt í sjóðinn.

Fé framkvæmdasjóðs skal verja til að tryggja viðunandi húsnæði og tækjakost fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins svo og dreifikerfi fyrir landrásir. Framkvæmdaráð hefur umsjón og eftirlit með framkvæmdasjóði Ríkisútvarpsins.

17. gr.

Hver sá maður, heimili eða stofnun, sem er eigandi viðtækis sem nota má til móttöku á útsendingum Ríkisútvarpsins, skal greiða Ríkisútvarpinu árlegt afnotagjald. Þó skal aðeins greiða afnotagjald af einu sjónvarpsviðtæki.

Afnotagjald hljóðvarps og sjónvarps skal innheimta sem eitt gjald.

Í reglugerð má ákveða að þeir, sem hljóta uppbót á elli- og örorkulífeyri samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar frá 1971, verði undanþegnir afnotagjöldum. Í reglugerð má einnig ákveða undanþágu blindra manna frá greiðslu afnotagjalda af hljóðvarpi.

18. gr.

Hver sá, er hagnýtir sér útvarp ríkisins, skal tilkynna um viðtæki sitt til Ríkisútvarpsins. Nær þetta til eins sjónvarpsviðtækis og eins hljóðvarpsviðtækis á hverju heimili.

Þegar eigendaskipti verða á viðtæki, hvort heldur nýju eða notuðu, þar á meðal vegna sölu frá aðila sem verslar með viðtæki, skal nýr eigandi, svo og sá sem af hendi lætur, tilkynna Ríkisútvarpinu eigendaskiptin þegar í stað. Tekur þetta einnig til sölu viðtækis með eignarréttarfyrirvara.

Hver sá, er fæst við sölu hljóðvarps- eða sjónvarpsviðtækja, skal tilkynna það innheimtudeild Ríkisútvarpsins mánaðarlega.

Tilkynningar samkvæmt þessari grein skulu skráðar á eyðublöð sem innheimtudeildin lætur í té. Í tilkynningu um eigendaskipti skal greina fullt nafn, nafnnúmer og heimilisfang beggja aðila, svo og tegund viðtækis og framleiðslunúmer. Enn fremur skal rita á eyðublöðin aðrar þær upplýsingar sem þar kann að vera gert ráð fyrir og nánar greinir í reglugerð.

19. gr.

Ríkisútvarpið heldur skrá yfir öll sjónvarpsviðtæki sem notuð eru hér á landi og í íslenskum skipum og flugvélum. Skráin skal vera lausblaðaskrá.

Í skránni skal greina:

1. skráningarnúmer sem auðkennir hvert tæki,
2. tegund viðtækis og framleiðslunúmer,
3. dagsetningu frumskráningar,
4. fullt nafn og heimilisfang eiganda, svo og nafnnúmer hans sé um einstakling að ræða,
5. dagsetningu bústaðaskipta eiganda og hið nýja heimilisfang hans,
6. dagsetningu eigendaskipta, með hverjum hætti sem verða, og upplýsingar um nýjan eiganda eins og segir í 4. tölul.; einnig skal greina hvaða dag tilkynning um eigendaskipti barst Ríkisútvarpinu,
7. upplýsingar um lögtak sem gert kann að vera í viðtæki samkvæmt 20. gr. ásamt dagsetningu.

Afmá skal sjónvarpsviðtæki af skrá ef sönnur, sem innheimtustjóri metur gildar, eru á það færðar að tækið sé orðið ónýtt eða verði af öðrum ástæðum ekki notað lengur til móttöku sjónvarps samkvæmt 1. mgr.

20. gr.

Afnotagjaldi af sjónvarpsviðtæki, ásamt dráttarvöxtum eða öðru vangreiðsluálagi og öllum innheimtukostnaði, fylgir lögveðréttur í viðtækinu sem helst þótt eigendaskipti verði. Gengur veðið fyrir hvers konar eldri sem yngri sammingsveðum, dómveðum og öðrum höftum sem á viðtæki kunna að hvíla, nema eignarréttarfyrirvörum.

Lögveðið helst í þrjú ár frá gjalddaga.

Eigendur hljóðvarpsviðtækja og sjónvarpsviðtækja bera persónulega ábyrgð á greiðslu gjalda af þeim til Ríkisútvarpsins sem á hafa fallið áður en tilkynning um eigendaskipti samkvæmt 18. gr. hefur borist Ríkisútvarpinu.

21. gr.

Innheimtustjóri Ríkisútvarpsins skal fullnægja almennum dómaraskilyrðum.

22. gr.

Fyrsta virkan dag eftir eindaga leggst á útlagsgjald 10% álag vegna kostnaðar við innheimtu. Þegar mánuður er liðinn frá eindaga afnotagjalds getur innheimtustjóri krafist lögtaks fyrir ógreiddum gjöldum ásamt vöxtum og kostnaði, og skal úrskurður auglýstur eins og fyrir er mælt um opinber gjöld.

23. gr.

Innheimtustjóri getur innsiglað eða látið innsigla útlagsviðtæki:

1. ef það er hagnýtt til útlagsmóttöku án þess að það hafi verið tilkynnt til Ríkisútvarpsins,
2. ef vanskil eru orðin á greiðslu afnotagjalds af því,
3. ef hlutaðeigandi aðili hefur sagt upp útlagsnotum.

Nú eru fyrir hendi skilyrði samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. eða gert hefur verið lögtak í viðtæki fyrir vangreiddu afnotagjaldi og getur þá innheimtustjóri tekið eða látið taka viðtækið úr vörslum eigenda eða annars vörslumanns.

Viðkomandi héraðsdómari kveður upp dómsúrskurð ef nauðsyn ber til vegna framangreindra framkvæmda.

### III. KAFLI

#### Dreifing og réttindi.

24. gr.

Ríkisútvarpið og Póst- og símamálastofnun skulu hafa náið samstarf til að tryggja að útlags- og fjarskiptastarfsemi verði í heild sem hagstæðust fyrir þjóðina.

Heimilt er framkvæmdaráði að semja við Póst- og símamálastofnun um að reisa og reka sendistöðvar og endurvarpsstöðvar Ríkisútvarpsins.

25. gr.

Ríkisútvarpið hefur sama rétt og Póst- og símamálastofnun til nauðsynlegra lagna um lönd manna, lóðir og byggingar vegna starfsemi sinnar. Óheimilt er að leggja svo nýjar lagnir að þær trufla lagnir eða tæki Ríkisútvarpsins.

Reynist raflagnir, vélar eða tæki, hvers kyns sem eru, valda truflunum á starfsemi Ríkisútvarpsins er því heimilt að gera eða fyrirskipa á kostnað eigenda nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra slíkar truflanir. Starfsmönnum Ríkisútvarpsins er heimilt að fara talmunarlaust um lönd manna til eftirlits eða athugana á þessum efnum.

26. gr.

Heimilt er Ríkisútvarpinu án endurgjalds eða nokkurra kvaða að leggja nauðsynlegar leiðslur fyrir upptöku eða útsendingu útlagsþefnis um kirkjur, leikhús, félagsheimili, samkomuhús, íþróttamannvirki, skóla, veitingasali og hvarvetna þar sem almennir mannfundur eru haldnir og koma þarf fyrir tækjum í því skyni, ljósabúnaði eða öðru sem því fylgir. Allar slíkar framkvæmdir skulu vera húseigendum að skaðlausu. Réttur til að hljóðrita, myndrita eða útlags því sem fram fer á þessum stöðum er óviðkomandi þessu ákvæði.

27. gr.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að útvarpa án endurgjalds öllu því efni sem lög um höfundarétt eða prentarétt heimila að prenta megi eða birta án gjalds. Heimilt er einnig að útvarpa messugjörðum án endurgjalds.

28. gr.

Útvarpsviðtæki má ekki nota til viðtöku á öðru efni en útvarpsefni. Útvarpsnotandi, sem af tilviljun hlustar á aðrar þráðlausar talsendingar eða loftskreyti, má ekki flytja öðrum slíkar fregnir og ekki heldur hagnýta sér þær í fjárgróðaskyni á einn eða annan hátt.

Óheimilt er útvarpsnotanda að hagnýta sér útvarpsefni til fjárgróða, til dæmis með upptöku þess, útgáfu eða með því að selja aðgang að viðtæki sínu.

#### IV. KAFLI

##### Ábyrgð á útvarpsefni.

29. gr.

Ef útsending á útvarpsefni brýtur í bága við lög fer um refsí- og fébótaábyrgð svo sem hér segir:

Sá sem flytur sjálfur efni í eigin nafni ber ábyrgð á því. Gildir það bæði um efni sem útvarpað er samtímis því að það er flutt og efni sem útvarpað er samkvæmt áður gerðri upptöku. Ákvæði þessarar mgr. taka einnig til samtals í útvarpi, þannig að hver, sem tekur þátt í samtali í eigin nafni, ber ábyrgð á sínu framlagi í því.

Flytjandi ber ábyrgð á efni sem annar maður hefur samið.

Á samsettu dagskrárefni ber sá ábyrgð sem útsendingu stjórnar hverju sinni, enda sé ekki um að ræða flutning eða samtal sem ábyrgðarreglur 2. eða 3. mgr. taka til. Jafnan skal skrá fyrir fram í gerðabók hver sé stjórnandi útsendingar.

Auglýsandi ber ábyrgð á auglýsingu.

Hver útvarpsstöð ber að öðru leyti ábyrgð á efni stöðvarinnar.

Nú hefur tiltekinn starfsmaður Ríkisútvarpsins, sbr. 4. mgr., eða útvarpsstöð, sbr. 6. mgr., orðið fébótaskyld og ber útvarpsstöðin þá ásamt honum ábyrgð á greiðslu bóta.

30. gr.

Engan skal dæma til ábyrgðar vegna útsendingar á útvarpsefni né fyrir hlutdeild í útsendingu annan en þann sem ábyrgð ber eftir ákvæðum 29. gr.

Skylt er Ríkisútvarpinu að veita hverjum þeim, sem telur rétti sínum hafa verið hallað með útsendingu í útvarpsefni, fullnægjandi upplýsingar um hver ábyrgð hafi borið á útsendingunni samkvæmt ákvæðum 29. gr.

Um rétt til málsóknar út af brotum í sambandi við útsendingu útvarpsefnis fer eftir almennum reglum laga. Refsiábyrgð og fébótaskylda falla niður ef sex mánuðir líða frá útsendingu án þess að einkamál sé höfðað, krafa hafi verið borin fram um opinbera málsókn, þegar það á við, eða hafin sé opinber réttarrannsókn út af broti, ef það á að sæta skilyrðislausri opinberri saksókn.

#### V. KAFLI

##### Ýmis ákvæði.

31. gr.

Brot gegn einkarétti Ríkisútvarpsins samkvæmt 2. gr. og óheimil hagnýting útvarpsefnis samkvæmt 28. gr. varða sektum. Beita má varðhaldsrefsingu ef sök er stórfelld. Upptæk má gera tæki þau og hluti sem hafa verið flutt inn í heimildarleysi, smíðuð eða starfrækt, sbr. 2.

gr., svo og viðtæki sem notuð hafa verið til hagnýtingar á útvarpsefni í fjárgróðaskyni, sbr. 28. gr.

Vanræksla á tilkynningum samkvæmt 18. gr. varðar sektum.

Um önnur brot á lögum þessum fer eftir ákvæðum almennra hegningarlaga.

32. gr.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að annast hljóðvarp til annarra landa samkvæmt ákvörðun framkvæmdaráðs og notendaráðs.

33. gr.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra í samráði við framkvæmdaráð Ríkisútvarpsins. Ákveða má í reglugerð að brot gegn ákvæðum hennar varði refsingu samkvæmt lögum.

34. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi l. nr. 19/1971, l. nr. 8/1975 og l. nr. 49/1979.

#### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Lög þessi skal endurskoða að fimm árum liðnum frá gildistöku þeirra.

#### **Greinargerð.**

Fæstum blandast hugur um þýðingu fjölmiðla í nútímasamfélagi. Almennur þekkingarfordi ræðst sífellt meira af starfsemi fjölmiðla og þeir gegna æ stærra hlutverki í skoðanamyndun og félagsmótun almennings. Auk þess eru fjölmiðlar mikilvægur miðill menningar, listsköpunar og afþreyingar. Fjölmiðlar eru því áhrifavaldar á öllum sviðum þjóðfélagsins.

Hin öra tæknipróun, sem átt hefur sér stað í dreifingu hljóðvarps- og útvarpsefnis, hefur skapað margvíslega möguleika m. a. til móttöku erlends efnis. Það má þó aldrei verða stefna Íslendinga að nota tæknina tækninnar vegna og verða þannig þrælur hennar heldur ber að taka tæknina í þjónustu íslenskrar menningar. Ef allar gáttir eru látnar standa opnar í þessum efnum gefur auga leið að íslenskri menningu og tungu er hætta búin. Ríkisútvarpið hefur verið eitthvert öflugasta menningartæki landsmanna og hefur lögum samkvæmt miklar menningarlegar skyldur. Menning kostar peninga en gildi hennar er ómetanlegt. Það er hagur allra landsmanna að menning og tunga þjóðarinnar sé varðveitt. Enginn einn aðili í landinu annar en Ríkisútvarpið á hagsmuna að gæta í að miðla íslenskri menningu og efla hana í allri sinni fjölbreytni handa öllum landsmönnum í senn. Þess vegna er m. a. í frumvarpi þessu tryggt að hlutfall íslensks efnis verði aldrei minna en helmingur af útsendu efni hverrar útvarpsstöðvar. Samræmd fjölmiðla- og menningarstefna hefur úrslitabýðingu fyrir okkur sem þjóð og einstaklinga og það ber að hafa í huga þegar sett eru útvarpslög.

Menningar- og fjölmiðlastefna Íslendinga hlýtur að byggja á lýðræðislegum grunni. Á undanförnum misserum hefur mikið verið rætt um frelsi og lýðræði í útvarpsmálum. Því hefur verið haldið fram að frelsi fælist í ótakmarkaðri uppsetningu útvarpsstöðva og ótakmarkaðri móttöku útvarpsefnis. En „frelsi“, sem aðeins kveður á um réttindi en ekki skyldur, sem helgar rétt hins styrkari án þess að gæta réttar þess sem minna má sín, er frelsi án ábyrgðar og samræmist vart raunverulegu lýðræði. Útvarpsrekstur er fjárfrekt fyrirtæki. Aðeins þeir sem fjármagn hafa eiga þess kost að setja á stofn og reka útvarpsstöðvar. Lýðræði fjármagnsins er ekki það lýðræði sem stjórnarskráin kveður á um og stuðlar ekki að

tjáningarfrelsi allra einstaklinga. Eingöngu útvarp allra landsmanna, þ. e. Ríkisútvarp í nýrri mynd, getur haldið í heiðri raunverulegt lýðræði og tjáningarfrelsi í útvarpsmálum.

Í þessu frumvarpi heldur Ríkisútvarpið einkarétti á útvarpsrekstri í landinu en starfsemi stofnunarinnar er eflað og komið er til móts við óskir um meiri fjölbreytni og greiðari aðgang landsmanna allra að fjölmiðlun þeirri sem útvarpstækni veitir með þriðju hljóðvarpsrásinni og möguleikum á staðbundnum útvarpsstöðvum, þ. e. hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvum. Í annan stað er skipulagi og rekstri stofnunarinnar breytt í grundvallaratriðum og er það gert á eftirfarandi forsendum:

Íslenskt þjóðfélag byggir á valdakerfi fulltrúalýðræðis. Í hugum fólks býður þetta fyrirkomulag upp á eins mikið réttlæti og raunsætt þykir að fara fram á í samfélagi manna. Þetta valdakerfi hefur samt augljósa annmarka í framkvæmd. Menn kjósa fulltrúa til að annast mál sín á öllum sviðum og afsala sér oft um leið möguleika til að hafa bein áhrif á nánasta umhverfi sitt. Afleiðing þessa kerfis er að allur þorri manna er gerður nánast óvirkur og jafnvel afskiptalaus um samfélag sitt. Þetta á alls staðar við í þjóðfélaginu.

Eina leiðin til að vega þar upp á móti er aukin valddreifing á sem flestum sviðum þjóðlífsins. Í stefnuskrá Samtaka um kvennalista segir svo um valddreifingu:

„Við teljum nauðsynlegt að dregið verði stórlega úr miðstýringu íslensks samfélags. Síaukin miðstýring færir völd og ábyrgð á æ færri hendur. Talandi dæmi um þetta eru viðamikil ráðuneyti þar sem ákvarðanir eru teknar um jafnt hin stærstu mál sem varða alla þjóðina og minni mál sem snerta eingöngu einstök sveitarfélög. Allir þekkja ráðuneytistilskipanir um hvernig skuli hagað þjónustu, t. d. við fatlaða og aldraða, og hvernig fyrirkomulagi skólustarfs skuli háttáð án tillits til staðháttanna eða þarfa neytenda.

Sambærilega miðstýringu er að finna í öllum ríkisstofnunum en þar ráða ríkjum flokkspólitísk ráð og nefndir en starfsfólk og neytendur eru áhrifalitlir um allar meiri háttar ákvarðanir. Flestir fá þannig litlu ráðið um skipan samfélags síns, verða áhorfendur og þolendur, í stað þess að vera þátttakendur. Í slíkum kerfum er rödd kvenna veik og hagsmunir þeirra fyrir borð bornir.

Því viljum við leggja áherslu á að kannaðar verði leiðir til aukinnar valddreifingar í stjórnkerfinu. Við viljum valddreifingu sem felur í sér að fjármála- og stjórnunarvald færist frá miðstýrðum ríkisstofnunum út til fólksins í landinu. Einkum leggjum við áherslu á að minnka miðstýringu og kerfisbindingu í skóla- og menningarmálum og á sviði heilbrigðis- og félagsmála. Á þessum sviðum viljum við smáar og sjálfstæðar einingar þannig að hver og einn hafi tækifæri til að hafa þar bein áhrif á gang mála...

Með valddreifingu af þessu tagi viljum við stuðla að frjórri og fjölbreytilegra mannlífi sem tekur tillit til þess sem hver og einn hefur fram að færa þar sem samheldni og samábyrgð sitja í fyrirrúmi.“

Með þessu frumvarpi er gerð tilraun til valddreifingar í Ríkisútvarpinu þar sem sérhver starfsmaður er gerður ábyrgari í starfi og honum jafnframt gefinn kostur á að nýta hæfileika sína betur. Til þess að svo megi verða er ákvarðanatataka færð úr höndum deildarstjóra og annarra yfirmanna til starfsmanna þeirrar deildar er málið varðar hverju sinni. Þetta á við um allar ákvarðanir hvort sem um er að ræða rekstur, mannaáhrif eða annað sem til fellur, t. d. á þetta við um dagskrá í dagskrárdeildum. Með þessu er starfsmönnum treyst til að vinna störf sín af metnaði og ósérplægni sem er stofnuninni nauðsynlegt til að fullnægja kröfum sem gerðar eru til hennar. Ef upp kemur ágreiningur innan deildar sem ekki semst um á annan hátt skal atkvæðagreiðsla skera úr um málið og er eðlilegast að það sé gert með vægiskosningu enda tryggir hún best jafnt vægi allra skoðana. Starfsmenn hverrar deildar velja umsjónarmenn og sjá þeir um að framkvæma ákvarðanir sem teknar eru af starfsmönnum deildarinnar. Umsjónarmenn sitja í framkvæmdanefnd sem samræmir störf og ákvarðanir deilda og eru þeir tengiliðir milli deilda og framkvæmdaráðs. Framkvæmdaráð tekur að hluta til við þeim störfum sem nú er gegnt af útvarpsstjóra en starfssvið þess er



víðtækara þar sem ráðið er einnig tengiliður milli allra útvarpsstöðva. Útvarpsráð í núverandi mynd leggst af. Reynslan hefur sýnt að meiri hluti útvarpsráðs, sem er pólitískt kjörið og hefur endanlegt ákvörðunarvald um dagskrá, hefur vald og aðstæður til að þjóna flokkshagsmunum fremur en að gæta hlutleysisskyldu sem á stofnuninni hvílir lögum samkvæmt. Það getur einnig reynst starfsmönnum erfitt að gæta fyllsta hlutleysis í starfi þegar úrslitavald til að ákveða dagskrá er að lokum í höndum fulltrúa pólitískra afla. Pólitískt kjörið útvarpsráð er því óæskilegt.

Þess í stað kemur notendaráð skipað 14 körlum og konum. Notendaráð er valið með tilviljunarúrtaksaðferð enda er hún eina úrtaksaðferðin sem tryggir jafna möguleika allra landsmanna, sem kjörgengi hafa og kosningarrétt, til setu í notendaráði. Slík tilnefning hefur hvetjandi áhrif á einstaklinga til skapandi hugsana og starfa. Jafnframt eykur valddreifing af þessu tagi áhuga einstaklinga á að hafa mótandi áhrif á umhverfi sitt. Hlutverk notendaráðs er að móta dagskrárramma útvarpsstöðvanna hvað varðar hlutfall hinna ýmsu efnisflokka (t. d. hlutfall barnaefnis, íþróttá, afþreyingarefnis) og ráðið gætir þess að mismunandi sjónarmið allra málaflokka fái sambærilega umfjöllun. Að öðru leyti skiptir notendaráð sér ekki af dagskrárgerð né framkvæmd dagskrár en gagnrýnir hana eftir á og veitir starfsmönnum Ríkisútvarpsins þannig aðhald í störfum sínum.

Valddreifing sú, sem frumvarp þetta byggir á, er að mati flm. undirstaða sanngjarnari þjóðfélagsskipunar en við búum nú við. Með þessu frv. er leitast við að færa sér kosti valddreifingar í nyt í útvarpsmálum og tryggja að Ríkisútvarpið verði ótvírætt fjölmiðill landsmanna allra, lýðfrjálst útvarp þar sem íslensk menning og virðing fyrir skoðunum allra einstaklinga og hópa í íslensku þjóðfélagi sitja í öndvegi.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar.*

Um 1. gr.

Óbreytt frá 1. gr. gildandi laga.

Um 2. gr.

Með útvarpi er átt við bæði hljóðvarp og sjónvarp. Nýmæli í þessari grein er að felld eru niður tollagjöld af tækjum sem Ríkisútvarpið flytur inn til eigin þarfa. Árið 1983 námu tollagjöld af tækjabúnaði innanhúss 20 492 262 kr. Þetta er liður í að mæta auknum kostnaði sem Ríkisútvarpinu er gert að standa straum af vegna uppbyggingar nýrra stöðva og aukins starfsmannahalds. Nýr kostnaðarliður Ríkisútvarpsins er einnig dreifikerfi og tækjabúnaður vegna rásar þrjú en gera má ráð fyrir að stofnkostnaður við hana verði svipaður og vegna rásar tvö.

Um 3. gr.

Nýmæli frá gildandi lögum er ákvæði um að a. m. k. helmingur útsends efnis hvernar stöðvar skuli vera íslenskur. Er þetta liður í að efla og varðveita íslenska tungu og menningu, sbr. greinargerð. Ríkisútvarpið hefur hingað til unnið að því að „efla skilning á mismunandi viðhorfum og menningarheimum“ og er þessu atriði bætt hér inn eingöngu til áréttingar. Ekki þykir rétt að taka einstaka málaflokka fram yfir aðra og því er orðunum: „...þar á meðal umferðar- og slysavarnamálum“ sem standa í núgildandi lögum sleppt í þessu frumvarpi enda kveður greinin ótvírætt á um slíka fræðslu.

Í greininni er einnig kveðið á um að menning og reynsla minnihlutahópa fái sambærilega umfjöllun og meirihlutahópa og að þess skuli sérstaklega gætt að kynjum sé ekki mismunandi á neinu sviði. Þetta ákvæði er sett inn til áréttingar og sem sjálfsagðar starfsreglur starfsmanna fjölmiðils allrar þjóðarinnar.

Orðalagið í núgildandi lögum: „...og gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum...“ er ófullnægjandi þar sem gæta þarf óhlutdrægni í öllum málum og er orðalaginu því breytt í: „...öllum málum...“.

#### Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir a. m. k. einni hljóðvarpsrás til viðbótar við þær tvær sem fyrir eru. Þriðja rásin er ætluð fyrir hvers konar efni frá félagasamtökum, hagsmunahópum og einstaklingum sem þar með hafa beinan aðgang að þeirri fjölmiðlun sem hljóðvarpstækni veitir. Einnig má benda á að rásin hentar einkar vel fyrir kennsluútlarp og útlarp frá Alþingi.

Gera verður ráð fyrir að nokkurn tíma taki að byggja upp staðbundnar útlarpsstöðvar, svo og dreifikerfi þriðju rásarinnar, en æskilegt er að hafist verði handa við uppsetningu dreifikerfis rásar þrjú svo fljótt sem auðið er. Landrásir Ríkisútlarpsins þjóna landsmálum fremur en málum er varða einstök héruð og byggðarlög. Tilgangur staðbundinna útlarpsstöðva er að koma til móts við þarfir einstakra byggðarlaga sem landrásirnar geta ekki orðið við. Þeim er ætlað að auðvelda upplýsingastreymi og tjáskipti á afmörkuðum svæðum. Hvað snertir stofnun staðbundinna útlarpsstöðva má telja eðlilega þróun að byrjað verði með landshlutastöðvar þannig að þróunin í uppbyggingu verði sambærileg í öllum landshlutum. Áætlað er að fleiri stöðvar bætist síðan við eftir því sem svigrúm leyfir. Með þessu er þjónusta Ríkisútlarpsins stórlega aukin að umfangi og fjölbreytni.

#### Um 5. gr.

Með sjálfstæðri útlarpsstöð er átt við að stöðin fari sjálf með ákvarðanatöku um mál er hana varða innan ramma laga þessara. Miðstýring á þessum vettvangi, sem og öðrum, er óæskileg og því eðlilegt að hver útlarpsstöð verði sjálfstæð eining innan Ríkisútlarpsins, sbr. valddreifingarhugmyndir sem frumvarpið byggir á og fjallað er um í greinargerð.

#### Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um starfsemi rásar þrjú. Vegna kostnaðar við hljóðver og annan tækjabúnað, sem nauðsynlegur er, þykir fráleitt að félög, hagsmunahópar eða einstaklingar, sem vilja notfæra sér beinan aðgang að hljóðvarpi, þurfi hvert fyrir sig að fjárfesta í slíkum búnaði. Hér er því Ríkisútlarpinu gert skylt að leggja til hljóðver með tæknaðstöð til þáttagerðar á rás þrjú en þeim sem nýta sér útsendingar er gert að greiða annan kostnað við þáttagerðina.

Hugsanlegt er að staðbundnar hljóðvarpsstöðvar noti dreifikerfi þriðju rásarinnar hluta úr degi til útsendinga hver á sínu svæði og er þá miðað við að þriðja rásin sendi ekki út til alls landsins allan daginn.

Rétt þykir að staðbundnar útlarpsstöðvar hafi sama rétt og aðrir til að bjóða landrásunum efni.

#### Um 7. gr.

Hér er lagt í hendur íbúa hvers sveitarfélags að ákveða hvort stofna skuli staðbundna útlarpsstöð á svæðinu. Hlutverk sveitarstjórnar í þessu efni er eingöngu að sjá um að kosning fari fram og sækja, að fenginni viljayfirlýsingu íbúa, formlega um að útlarpsstöð verði stofnuð.

Nauðsynlegt er að sveitarstjórnin kynni íbúum kostnaðaráætlanir við mismunandi dreifikerfi staðbundinnar sjónvarpsstöðvar og hljóðvarpsstöðvar, svo og annan kostnað sem íbúunum er gert að bera, áður en kosning fer fram.

#### Um 8. gr.

Til þess að auðvelda Ríkisútlarpinu að koma á fót staðbundnum útlarpsstöðvum er til þess ætlast að notendur, sem sækja þessarar þjónustu, standi undir hluta stofnkostnaðar sjálfir.

Ríkisútvarpið skal sjá um að innheimta stofngjald frá notendum og í samvinnu við Póst- og símamálastofnun skal það sjá um að setja upp dreifikerfi staðbundinna útvarpsstöðva.

Ákveði sveitarstjórn að styrkja staðbundna útvarpsstöð með framlagi úr sameiginlegum sveitarsjóðum skal það framlag greiðast til Ríkisútvarpsins sem síðan skal standa viðkomandi sveitarstjórn skil á ráðstöfun fjárins.

Um 9. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að starfsmenn hverrar stöðvar annist að jafnaði ráðningar starfsmanna að stöðinni, sbr. 10. og 11. gr. frumvarpsins. Því verður augljóslega ekki við komið við stofnsetningu nýrra útvarpsstöðva og því er sá háttur hafður á að framkvæmdaráð Ríkisútvarpsins auglýsir eftir tveimur starfsmönnum og ræður í störf þegar ný útvarpsstöð er stofnsett. Skal annar starfsmannanna hafa nauðsynlega tæknipækningu en rétt þykir að hver stöð fyrir sig ákvarði starfssvið hins starfsmannsins.

Um 10. gr.

Í samræmi við valddreifingarhugmyndir frumvarpsins er gert ráð fyrir að starfsmenn hverrar útvarpsstöðvar taki ákvarðanir um málefni sem stöðina varða innan ramma þessara laga. Á sama hátt er gert ráð fyrir að starfsmenn hverrar deildar innan stórra stöðva eins og landrásanna stjórn sýnum málum. Augljóst er að starfsmenn hverrar deildar hafa besta yfirsýn og þekkingu hver á sínu sviði. Því er eðlilegt að t. d. ákvarðanir um tækjakaup séu teknar sameiginlega af starfsmönnum hverrar tæknideildar í samræmi við fjárhagsáætlun Ríkisútvarpsins, sbr. 11. gr. frv. þessa. Á sama hátt er eðlilegt að ákvarðanir um dagskrá hverrar stöðvar séu í höndum starfsmanna dagskrárdeildar og fréttamat og ákvarðanir um fréttir í höndum starfsmanna fréttadeildar enda hlíti þeir ákvæðum 3. gr. frv. og þeim sé veitt aðhald í þeim efnum frá notendaráði og notendabáttum.

Mannaráðningar eru einnig í höndum starfsmanna hverrar deildar og hverrar staðbundinnar stöðvar þar sem starfsmenn hverrar deildar eru að jafnaði hæfastir til að meta störf við deildina og þar með umsóknir um þau. Þeir munu væntanlega einnig setja hagsmuni deildarinnar ofar öðrum hagsmunum við mannráðningar, sem og í öðrum málum, vegna þess að annað kæmi niður á þeim sjálfum.

Hvað snertir störf umsjónarmanns er rétt að starfsmenn hverrar deildar skipti með sér umsjón framkvæmda, sem og öðrum störfum, í eins ríkum mæli og unnt er. Ráðningartími umsjónarmanns ræðst af aðstæðum og óskum hverju sinni en ekki er gert ráð fyrir að hver starfsmaður gegni starfi umsjónarmanns lengur en 3 ár í senn. Hlutverk umsjónarmanns er jafnframt að sitja í framkvæmdanefnd útvarpsstöðvarinnar sem sér um samræmingu á ákvörðunum hinna ýmsu deilda og fjallar um málefni sem snerta fleiri en eina deild.

Um 11. gr.

Framkvæmdaráð er skipað þremur mönnum og tekur það að hluta til við störfum núverandi útvarpsstjóra en jafnframt er starfssvið þess umfangsmeira þar sem gert er ráð fyrir fjölgun útvarpsstöðva. Eins og segir í greininni er það hlutverk framkvæmdaráðs að samræma rekstur útvarpsstöðvanna, sjá um tengsl milli framkvæmdanefnda allra stöðvanna og sjá um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar Ríkisútvarpsins.

Deildir Ríkisútvarpsins falla undir þrjú meginsvið útvarpsrekstrar: a) dagskrársvið, b) tæknisvið, c) rekstrar- og fjármálasvið. Þessi þrjú meginsvið eru lögð til grundvallar þegar valið er í framkvæmdaráð þannig að þau eigi hvert sinn fulltrúa þar sem fjárhagsáætlanir eru gerðar og þar sem endanleg ábyrgð á fjármálum er. Með þessu er tryggt að fagleg þekking og sjónarmið þessara þriggja meginsviða útvarpsrekstrar nýtist stofnuninni sem best.

Dagskrármenn allra útvarpsstöðva sameinast um að velja einn fulltrúa, tæknimenn allra útvarpsstöðva velja einn fulltrúa og starfsmenn aðalskrifstofu fjármáladeilda allra útvarpsstöðva velja einn fulltrúa til setu í ráðinu. Formleg ákvæði um fundarsetu framkvæmdaráðs eru sett til að tryggja samskipti þess og allra eininga Ríkisútvarpsins.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að enginn sitji lengur í framkvæmdaráði en þrjú ár í senn og er það í samræmi við valddreifingarhugmyndir frumvarpsins.

#### Um 12. gr.

Notendaráð kemur í stað núverandi útvarpsráðs og er skipað sjö konum og sjö körlum sem með tilviljunarúrtaki eru valin úr þeim hópi landsmanna sem kjörgengi hefur og kosningarrétt skv. lögum.

Tilviljunarúrtaksaðferðin er eina úrtaksaðferðin sem tryggir jafna möguleika landsmanna til setu í ráðinu. Við gerð þessa tilviljunarúrtaks þarf að gera ráð fyrir a. m. k. tveimur lagskiptum úrtökum, þ. e. konur annars vegar og karlar hins vegar. Með þessu móti er öllum kjörgengum og atkvæðisbærum landsmönnum gefinn kostur á að gegna störfum í notendaráði. Líta ber á setu í notendaráði sem þegnskyldu sambærilega við skyldu til að sitja í kviðdómi, t. a. m. í Bretlandi, enda eru störf notendaráðs ólaunuð. Samt er gert ráð fyrir að þeir, sem valdir eru, geti hafnað setu í ráðinu ef góðar og gildar ástæður eru fyrir hendi. Notendaráð kemur saman eftir þörfum en a. m. k. fjórum sinnum á ári. Ríkisútvarpið greiðir ferða- og dvalarkostnað vegna fundanna. Gert er ráð fyrir að vinnuveitandi veiti leyfi frá störfum án tekjutaps þannig að einstaklingar geti gegnt störfum í notendaráði. Sé um ólaunað starf að ræða, t. d. heimilisstörf, verði Ríkisútvarpinu skylt að bera sannanlegan kostnað sem seta í notendaráði kann að hafa í för með sér fyrir viðkomandi að þessu leyti. Gert er ráð fyrir að framkvæmdaráð Ríkisútvarpsins undirbúi fundi notendaráðs og að fulltrúar úr framkvæmdaráði skipti með sér að stjórna fundum notendaráðs. Hver útvarpsstöð skal skila notendaráði skýrslu um útsent efni a. m. k. fjórum sinnum á ári, svo og ramma að dagskrá næstu mánaða.

#### Um 13. gr.

Í greininni er kveðið á um starfssvið notendaráðs sem skal leggja drög að skiptingu efnis í höfuðdráttum í hverri útvarpsstöð og fjalla um drög að dagskrá sem gert er ráð fyrir að útvarpsstöðvar skili til ráðsins reglulega ásamt skýrslum um það efni sem þegar hefur verið sent út. Ráðið skal ávallt gæta þess að ákvæði 3. gr. séu í heiðri höfð. Að öðru leyti skiptir notendaráð sér ekki af framkvæmd dagskrár fyrir fram en gagnrýnir hana eftir á. Framkvæmdaráð sér um að koma vilja ráðsins á framfæri við deildir eða útvarpsstöðvar sem í hlut eiga og að honum sé framfylgt.

Notendaráð auglýsir eftir og ræður síðan umsjónarmenn að föstum þætti á hverri útvarpsstöð sem fjallar um gagnrýni notenda á útsendu efni stöðvarinnar. Þannig myndast bein tengsl milli notenda og starfsmanna viðkomandi stöðvar þar sem gert er ráð fyrir að starfsmenn svari gagnrýninni. Þessir þættir eru hluti af því aðhaldi sem starfsmönnum Ríkisútvarpsins er veitt í störfum sínum og skulu umsjónarmenn þáttanna því ekki vera úr hópi fastra starfsmanna Ríkisútvarpsins.

#### Um 14. gr.

Tilgangurinn með frumvarpi þessu er að efla og bæta Ríkisútvarpið og tryggja fjármagn til þess að það geti fullnægt lagalegum skyldum sínum.

Nýmælið í þessari grein er að lögbindið sé að öll aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau renni til Ríkisútvarpsins vegna aukinnar fjárþarfar þess.

Árið 1983 voru aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau 47,5 millj. kr., sérstakt vörugjald nam 31,9 millj. kr. og tollafgreiðslugjöld 0,8 millj. kr. **Samtals:** 80,2 millj. kr., þar af runnu til Ríkisútvarpsins 30,5 millj. kr.

Þótt lagt sé til að öll aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau renni til Ríkisútvarpsins er sýnt að leita þarf fleiri leiða til að efla tekjustofna Ríkisútvarpsins. Má í því efni t. d. benda á þann tekjuöflunarmöguleika að undanskilja Ríkisútvarpið söluskatti af auglýsingum en hann nam 35 151 003 kr. á árinu 1983. Undanþágur sem þessar eru þegar fyrir hendi, sbr. að dagblöð eru undanþegin söluskatti af auglýsingum.

Í greininni er gert ráð fyrir að hver útvarpsstöð ákveði auglýsingataxta og aðrar gjaldskrár sínar sjálf enda er hver útvarpsstöð sjálfstæð rekstrareining. Í þessu efni eru þó afnotagjöld undanskilin þar sem gert er ráð fyrir að framkvæmdaráð í samvinnu við framkvæmdanefndir hverrar stöðvar ákveði þau enda er framkvæmdaráð ábyrgt fyrir gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar Ríkisútvarpsins.

#### Um 15. gr.

Þar sem hver útvarpsstöð verður að standa sjálf undir rekstri sínum er áætlað að tekjur hverrar stöðvar renni óskiptar til hennar. Ríkisútvarpið hefur þegar innheimtukerfi sem sjálfsagt er að nýta fyrir innheimtu afnotagjalda allra útvarpsstöðva því að annars þyrfti hver og ein stöð að koma sér upp slíku kerfi.

#### Um 16. gr.

Þar sem framkvæmdasjóði er m. a. ætlað að taka þátt í kostnaði vegna húsnæðis útvarpsstöðva, kosta nýtt dreifikerfi fyrir rás þrjú og uppbyggingu tækjakosts liggur í augum uppi að tryggja þarf tekjur sjóðsins sérstaklega meðan á uppbyggingunni stendur. Því er lagt til að 10% af brúttótekjum Ríkisútvarpsins renni áfram í sjóðinn auk allra aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau. Framkvæmdaráð hefur umsjón og eftirlit með framkvæmdasjóði og er m. a. heimilt að undanskilja nýstofnaðar útvarpsstöðvar tímabundið þessu ákvæði, þ. e. meðan á uppbyggingu þeirra stendur.

#### Um 17. gr.

Í núgildandi lögum er heimild til að sameina hljóðvarps- og sjónvarpsgjöld í eitt gjald. Sú heimild hefur verið nýtt, sbr. núgildandi reglugerð um innheimtu, 24. og 25. grein, og er það fyrirkomulag lögfest hér.

Í reglugerð nr. 260/1974 frá 1. nóvember 1972, voru felld niður afnotagjöld hjá þeim sem njóta uppþótar á lífeyri sinn skv. 7. gr. reglugerðar nr. 32 frá 25. janúar 1972. Svo sanngjörn sem slík ívilnun er hlýtur þó að teljast óeðlilegt að Ríkisútvarpið beri eitt þennan tekjumissi og kemur því til álita að Tryggingastofnun ríkisins greiði þau afnotagjöld sem hér um ræðir. Að sinni er 3. málsgr. samhljóða 3. málsgr. 15. gr. gildandi laga.

#### Um 18. gr.

Að mestu samhljóða 16. gr. gildandi laga. Þó er kveðið á um að innheimtudeild Ríkisútvarpsins sjái um skráningu viðtækja.

#### Um 19. gr.

Óbreytt frá 17. gr. gildandi laga nema að 1. tölul. 2. mgr. breytist úr „1. Skráningar-númer, sem helst óbreytt, meðan viðtækið er skráð hjá Ríkisútvarpinu“ verður „1. skráningarnúmer sem auðkennir hvert tæki“.

Um 20. gr.

Óbreytt frá 18. gr. gildandi laga nema að brott fellur 3. mgr. núgildandi 18. gr. til samræmis við 17. gr. frv.

Um 21. gr.

Óbreytt frá 19. gr. gildandi laga nema að „Ráðherra skipar...“ fellur út og gert er ráð fyrir að starfsmenn innheimtudeildar ráði innheimtustjóra sjálfir. Ákvæði um þau skilyrði, sem innheimtustjóri skal fullnægja, eru óbreytt frá gildandi lögum.

Um 22. gr.

Orðalag í 20. gr. núgildandi laga er samræmt ákvæðum 17. gr. frv.

Um 23. gr.

Óbreytt frá 21. gr. gildandi laga.

Um 24. gr.

Óbreytt frá 8. gr. gildandi laga nema „Póst- og símamálastofnun“ kemur í stað „Landssími Íslands“ og „framkvæmdaráði“ í stað „útvarpsstjóra“ í samræmi við önnur ákvæði frv.

Um 25. gr.

Óbreytt frá 9. gr. gildandi laga nema Póst- og símamálastofnun kemur í stað Landssíma Íslands.

Um 26. gr.

Óbreytt frá 10. gr. gildandi laga.

Um 27. gr.

Óbreytt frá 11. gr. gildandi laga.

Um 28. gr.

Óbreytt frá 12. gr. gildandi laga.

Um 29. gr.

Óbreytt frá 22. gr. gildandi laga nema að „Hver útvarpsstöð“ kemur í stað „Útvarpsstjóri“ í samræmi við önnur ákvæði frv. enda er ábyrgð á efni stöðvarinnar hjá hverri deild og/eða útvarpsstöð.

Um 30. gr.

Óbreytt frá 23. gr. gildandi laga.

Um 31. gr.

Óbreytt frá 24. gr. gildandi laga.

Um 32. gr.

Hér með yrði lögfest heimild Ríkisútvarpsins til að annast hljóðvarp til annarra landa.

Um 33. gr.

Í samráði við framkvæmdaráð Ríkisútvarpsins er ráðherra falið að setja reglugerð um framkvæmd laganna. Er þá gert ráð fyrir að ákvæði í frv. þessu séu nægilega skýr til þess að hægt sé að velja framkvæmdaráð til þessara starfa áður en reglugerð um framkvæmd laganna er sett.

Um 34. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Eðlilegt er að endurskoða lög þessi þegar reynsla hefur fengist af framkvæmd þeirra, ekki síst þar sem hér er um umfangsmiklar breytingar á skipan útvarpsmála að ræða. Hér er því lagt til að löggin verði endurskoðuð að fimm árum liðnum frá gildistöku þeirra.